



## Krabbameinsfélagið

Velferðarnefnd,  
nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 (innihaldsefni, umbúðir o.fl.), 530. mál.**

Krabbameinsfélagið fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Innleiðing tilskipunarinnar er löngu tímabær.

Í frumvarpinu er meðal annars fjallað um nýjar tóbaksvörur. Í tengslum við það hvetur félagið til þess að löggjöf hér á landi verði einfölduð og nikótínvörur felldar undir lög um tóbaksvarnir í stað þess að um þær vörur gildi önnur lög.

Markmiðið með þessari tillögu félagsins, sem er ekki ný af nálinni, er fyrst og fremst að verja börn og ungmenni fyrir mjög skaðlegum áhrifum nikótíns, sem koma betur og betur í ljós. Því til stuðnings má m.a. vísa í málþing á Læknadögum, þann 18. janúar 2023, Nammibar með nikótíni.

Reynslan sýnir að tóbaksframleiðendur finna alltaf nýjar leiðir til að koma nýjum vörum, mjög ávanabindandi og skaðlegum efnum, á markað. Með einni löggjöf er mögulegt að bregðast við fyrr og þannig verja börn og ungmenni fyrir skaðlegum áhrifum í stað þess að þurfa að bregðast við nýjum vörum með nýrri löggjöf sem tekur langan tíma.

Með góðri kveðju,  
fyrir hönd  
Krabbameinsfélags Íslands

Halla Þorvaldsdóttir  
framkvæmdastjóri